

# Sjókvíaeldi laxfiska: Draga úr kostnaði og ná fjárhagslegum ávinningi

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi ber merki um skammtímahugsun þar sem fjárhagslegur ávinningur er drifkrafturinn. Margar tillögur í skýrslu starfshópsins, sem stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldi Austfjarða leiða, endurspeglast í nýlegum breytingum á lögum um fiskeldi. Hér verður fjallað um nokkur atriði sem ganga út á að draga úr kostnaði laxeldisfyrirtækjanna.

## Minni kostnaður vegna umhverfismála

Umhverfissinnar gera of mikið úr umhverfisáhrifum laxeldis og laxeldismenn of lítið, en sannleikurinn er einhvers staðar þar á milli. Það er þó ljóst að kostnaður laxeldisfyrirtækja vegna umhverfismála er minni hér á landi en t.d. Noregi:

- Slysasleppingar: Í Noregi þarf atvinnugreinin að greiða kostnað við að fjarlægja eldislax úr veiðivötnum. Þegar rekja má slysasleppingu til ákveðins fyrirtækis greiðir það kostnaðinn. Ekki er gert ráð fyrir að fjarlægja eldislax úr veiðivötnum á Íslandi og þannig er mögulegum kostnaði fyrirtækjanna haldið í lágmarki.

- Laxalús: Í Noregi eru miklar kröfur um að halda tíðni laxalúsar í lágmarki sem felur í sér mikinn kostnað vegna mótvægisáðgerða og viðbragða þegar um frávik er að ræða. Jafnvel að framleiðsluheimildir verði minnkaðar ef ekki næst að hemja lúsina. Á Íslandi er ráðherra heimilt að setja ákvæði um aðgerðir vegna laxalúsar, sem ennþá er ekki komið í framkvæmd og kostnaður þannig minni.

- Heilbrigðismál: Í Noregi er búið að koma á framleiðslusvæðum, sem takmarkar flutning á fiski á milli strandsvæða. Þar eru einnig gerðar meiri kröfur um flutningsbúnað fyrir lifandi fisk með tilheyr-



Valdimar Ingi Gunnarsson

andi kostnaði. Á Íslandi er enginn vilji fyrir slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir. Þannig ráða skammtímasjónarmið fyrirtækja, þó veruleg hættu sé á að sjúkdómar geti borist á milli svæða með tilheyrandi tjóni fyrir samfélög og fyrirtæki.

- Lífrænt álag: Í Noregi er framleiðendum gert skylt að minnka framleiðslu á eldissvæðum eða hvíla

þegar farið er út fyrir viðmiðunarmörk sem felur í sér aukinn kostnað. Ef tillögur stefnumótunarhópsins eru skoðaðar þá vantar á Íslandi viðmiðanir og óljóst hvort og þá í hvaða tilvikum hömlur verða settar á framleiðsluheimildir á eldissvæðum og því fylgir minni kostnaður. Umhverfisstofnun hefur verið að taka á þessum málum og vonandi verður niðurstaðan sú að endingu að kröfur verði þær sömu hér á landi og í nágrannalöndum.

## Stjórnsýslu ábótavant

Það að opinberri stjórnsýslu umhverfismála laxeldis í sjókvíum sé ábótavant er ekki góð staða fyrir fyrirtæki sem hafa það að markmiði að starfa til lengri tíma í atvinnugreininni í sem mestri sátt við umhverfið og aðra hagsmunaaðila. Staðreyndin er sú að stjórnsýsla laxeldis í sjókvíum opnar fyrir það að umhverfissóðarnir fái að njóta sín á kostnað þeirra sem vilja standa sig vel. Það er því hægt að taka að vissu leyti undir áhyggjur umhverfissinna í þeirra málfutningi þó að hann í ákveðnum tilvikum sé of ógafullur og byggist ekki alltaf á staðreyndum. Það sama er vissulega hægt að segja um málfutning sumra sem starfa í fiskeldi. Í opinberri stjórnsýslu umhverfismála er vissulega hægt að betrubæta en til þess virðist skorta vilja eða er vanþekkingin svona mikil?

## Minni gjöld

Í tillögu stefnumótunarhópsins er áhersla lögð á að fresta og minnka gjöld á atvinnugreinina:

» Staðreyndin er sú að stjórnsýsla laxeldis í sjókvíum opnar fyrir það að umhverfissóðarnir fái að njóta sín á kostnað þeirra sem vilja standa sig vel.

- Auðlindagjald fyrir frjóa eldislaxa: Stefnumótunarhópurinn lagði til að komið yrði á auðlindagjaldi, með sex ára biðtíma á greiðslu gjaldsins, talið frá þeim tíma þegar fyrsta slátrun hefst úr eldiskvíum fyrirtækisins. Þessar tillögur náðu ekki að öllu leyti fram að ganga í meðferð málsins á Alþingi þar sem nú er byrjað er að innheimta takmarkað gjald.

- Auðlindagjald fyrir ófrjóa eldislaxa: Stefnumótunarhópurinn lagði til að laxeldisfyrirtæki gæti haldið svæðum í a.m.k. fimm ár án þess að vera með framleiðslu á eldissvæðinu og þannig greiða ekkert auðlindagjald á því tímabili. Ef síðan bætist við sex ára biðtími er ekki um að ræða nein gjöld í rúman áratug. Niðurstaðan eftir afgreiðslu Alþingis er að strax verður rúkað hálf auðlindagjald við slátrun á ófrjóum laxi.

## Leyfishafar geta stjórnað gjaldtöku

Með því að miða við sláturmagn í lögunum geta fyrirtækin stjórnað gjaldtöku. Ef gjöldin hefðu verið miðuð við framleiðsluheimildir væru þau meiri, fyrirsjáanlegri og komið strax til gjaldtöku við úthlutun heimilda. Þannig geta fyrirtækin sem hafa sölsað undir sig eldissvæði og framleiðsluheimildir í raun stjórnað hvað gjöld eru greidd, haldið sínum svæðum, s.s. ónýtt svæðum fyrir eldi á ófrjóum laxi, án auðlindagjalds í fjölmörg ár og blokkerað þannig möguleika annarra á að nýta svæðið.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.  
valdimar@sjavarutvegur.is